

## **Jóhanna situr heima, sér og þjóðinni til skammar og tjóns**

George Papandreou, forsætisráðherra Grikklands, er í Washington 9. mars og hittir þar Barack Obama. Fréttir herma, að hann ætli ekki að óska eftir bandarísku fé heldur leggja áherslu á nauðsyn þess, að settar verði skorður við því, að vogunarsjóðum sé unnt að beita gegn einstökum þjóðlöndum. Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, hefur þegar látið að því liggja, að nauðsynlegt sé að setja slíkar reglur.

Papandreou hefur farið til fundar við Angelu Merkel, kanslara Þýskalands, og Nicolas Sarkozy, forseta Frakklands, síðustu daga og kynnt þeim úrræði grísku ríkisstjórnarinnar til að takast á við afleiðingar fjármálakrisunnar í Grikklandi. Gríska ríkisstjórnin hefur verið sett undir einskonar tilsjón frá Brussel og gripið til harðra aðgerða til að draga úr ríkisútgjöldum og rétta efnahag þjóðarinnar.

Smáfuglarnir vekja athygli á þessari framgöngu gríska forsætisráðherrans til að árétta, hve dæmalaust illa Jóhanna Sigurðardóttir hefur haldið á málstað Íslands gagnvart öðrum þjóðum, frá því að hún varð forsætisráðherra. Þar hefur setið heima þjóðinni til stórskaða eins og hún var sjálfri sér til skaða og skammar með því að sitja heima í þjóðaratkvæðagreiðslunni 6. mars.